

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1994

Nr. 403

1246

25. júlí 1994

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Öræfagrunni.

1. gr.

Frá og með 27. júlí 1994 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem markast af eftirtöldum punktum:

| | | |
|----|---------|-----------|
| 1. | 63°34'N | 16°46'V |
| 2. | 63°34'N | 16°20'V |
| 3. | 63°27'N | 15°55'V |
| 4. | 63°24'N | 16°10'V |
| 5. | 63°23'N | 16°37.5'V |
| 6. | 63°31'N | 16°45'V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júlí 1994.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Þórður Eypórsson.